

manna innlendra og útlendra í biblíurannsóknarmálinu. Innlend tímarit og blöð hafa haft það mál með höndum nú í síðastliðin 20 ár, og það er fyrst nú farið að verða minna umræðuefni en það áður var, af því niðurstaða þessara rannsókna er álitin margsönnuð, og því þýðingarlaust að ræða hana lengur.

„Sannleika-brennurnar“ eiga sér því stað hér á meðal vor. Menn vita, hvað er satt og hvað er ósatt. Menn vita, hvað er sennilegt og hvað er ósennilegt, en þrátt fyrir það er sannleikurinn genginn á bug. Það er það einkaleyfi, sem kyrkjan hefir eignað sér hér að láta það liggja á milli hluta, að særa ekki eða áreita sannfæringu manna með því, að heimta af þeim neina vissa játningu aðra en þá, að þeir séu flokksins og hjarðarinnar. Ekkert annað er látið koma þar við. Sögulegt kyrkjulíf vor Íslendinga er hreinasti og beinasti „Institutionalism“ með öllum sínum öfgum og ókostum, er honum hafa fylgt frá alda öðli og eilífðar dögum. Hvað, sem kemur upp utan kyrkjunnar, er göjrt tortryggilegt og svívirt og svert með öllu móti. Menn og málefni eru þar látin lúta hinum sömu lögum. En hvað sem innan hennar vébanda er, það er hafið til skýja með háreysti og ópi. Það er ekkert „humbug“ of stórt, engin gífurmæli of digur, engin heimska of opinber, að ekki sé allt þetta brúkað til þess að trumba það yfirsýn almenna álitsins, sem sagt er að ríki hér, um veldi og víðáttu kyrkjunnar.

En svo er það ekki það, sem vér vildum aðallega athuga, heldur eitt af hrópyrðum þeim, er koma fyrir í greininni og ritstjórinn velur meistara Eiríki. Það er orðið „Íslenzkur Unitari“. Ritstj. vill, að það skiljist sem hið versta nið, er hann geti honum rist. Vitaskuld er það vafamál, hvort honum tekst að gera almenningi út í frá ljóst, í hverju ámæli þessa orðs sé fólgið, því eftir því sem hvorttveggja flokkarnir eru kynntir hér, þá myndi það frekar talið hrós en last að vera „Unitari—Íslenzkur Unitari“, en samt er það eitt af margítrekuðum tilraunum hans, að gera það nafn tortryggilegt og rangfæra stefnu þeirra trúarbragðaskoðana á meðal vor.

Eftir fjórtán ára starfsemi hins unitariska safnaðar hér í bænum er mörgum manni enn þá ókunnugt um það, hvað það sé, að vera Íslenzkur Unitari, vegna þess þeir hafa verið hæddir